



Íþróttafélagið Völsungur

Auðbrekka 3 / Vallarhús 640 Húsavík sími 866-8843 kt. 710269-6379

**Norðurþing
bt. Fjölskylduráðs
Ketilsbraut 7-9
640 Húsavík
20.10.2022**

Málefni: Svar við erindi sent á Völsung 5.10.2022 og snýr að ósk um umsögn félagsins við viðbyggingu við íþróttahöllina.

Við gerð umsagnar Völsungs hefur aðalstjórn leitað eftir viðbrögðum frá þeim deildum sem eru með starfsemi í höllinni.

Í erindi sem sent var á Völsung kemur lítið fram um hvað verði innan dýra í viðbyggingunni að undanskilinni frístund og félagsmiðstöð. Það er því erfitt að dæma um hvernig þetta kemur til með að nýtast íþróttafélaginu eða með öðrum orðum henta íþróttastarfi í höllinni. En skilningur Völsungs er sá að íþróttahöllin eigi að vera nýtt eingöngu undir íþróttastarf og starfsemi því tengdu.

Það er löngu orðið öllum ljóst að þrengt var verulega að aðstöðu íþróttafélagsins þegar GrænaTorg var tekið undir frístund þótt því hafi verið lofað á sínum tíma að auðvelt yrði að nota það sem fundaraðstöðu á kvöldin. Reyndin í dag er svo önnur. Það er mikil vöntun á því í íþróttahöllinni að sú starfsemi sem fer fram í höllinni fái aukið rými s.s. fyrir skrifstofu, fundaraðstöðu og við framkvæmd viðburða í höllinni svo dæmi séu tekin.

Reynsla félagsins undanfarin ár er að þegar kallað er eftir auknu rými fyrir aðra starfsemi en myndi flokkast til íþróttastarfs að þá er öllu er viðkemur félaginu ýtt til hliðar, ef ekki út úr rýmum sem tekin eru að þá í litlar kompur. Það hefur því verið þrengt verulega að starfsemi íþróttafélagsins í höllinni undanfarin ár.

Við fögnum því hinsvegar að það sé útlit fyrir að frístund og félagsaðstaða fái löngu tímabært húsnæði til frambúðar við hæfi. Hins vegar má færa rök fyrir því að þessi framkvæmd krefjist betri ígrundunar en nú virðist vera raunin.

Við teljum með slíkri viðbyggingu sé hættu á að vöxtur og þróun innanhússíþróttá séu skorður settar þar sem verið sé að takmarka vöxt á þeim íþróttum sem nú eru virkar í húsinu (blak,

fimleikar, bardagaíþróttir svo eitthvað sé nefnt) og möguleiki á að endurvekja starfsemi deilda á borð við handbolta og körfubolta sé slegin út af borðinu. Aðstöðuleysi hefur t.d. háð fimleikadeildinni verulega undanfarin ár og er ekki í samræmi við það sem gengur og gerist annarsstaðar.

Blakdeildin hefur verið í örum vexti síðustu misseri og hefur vöntun á aðstöðu fyrir fundarhöld og fyrirlestra/liðsfundi háð deildinni talsvert þar sem slíkir fundir hafa annað hvort verið haldnir í anddyri íþróttahallarinnar fyrir opnum tjöldum eða fundnir hafa verið fundarsalir úti í bæ þegar ekki hefur verið laust í Vallarhúsinu. Auk þess hafa afnot af íþróttahöllinni á heimaleikjum og helgarmótum verið verulega takmörkuð eftir að Græna Torg var tekið undir frístund. Á árum áður, var GrænaTorgið nýtt fyrir sjoppu og afdrep fyrir keppendur milli leikja en þess má geta að rekstur sjoppu á heimaleikjum og helgarmótum er gríðarlega mikilvægur þáttur í fjáröflun deildarinnar. Það er því álit blakdeildar að fyrirhuguð viðbygging við íþróttahöllina sé ekki að þjóna því starfi sem fram fer í íþróttahúsinu og það sem verra er að hún sé líklega hamlandi fyrir framþróun og vöxt innanhússíþrótta á Húsavík.

Hvað varðar viðbyggingu við íþróttahöllina að þá vakna óneitanlega nokkrar spurningar. Höllin er svo til sprungin og það mun ekki batna með byggingu frístundahúsnæðis við hana, nema hægt sé að samnýta húsnæðið fyrir íþróttir líka. Sem dæmi að þá erum við langt á eftir í samaburði á aðstöðu og búnaði þegar kemur að fimleikum sem dæmi.

- Erum við að rýra möguleika til frekari viðbygginga/stækkunar við íþróttahöllina og er þá verið að meina í íþróttalegum tilgangi?
- Hver er framtíðarsýn varðandi uppbyggingu hallarinnar, hvaða möguleika höfum við í framtíðinni þegar fyrirhuguð viðbygging er komin?
- Er trygging að Græna torg verði íþróttafélagsins til framtíðar en verði ekki nýtt að nýju seinna meir þegar vantar aukið pláss fyrir eitthvað annað en tengist íþróttastarfi, s.s frístund og félagsmiðstöð?
- Hvað er hugsað á neðri hæð nýrrar viðbyggingar, er möguleiki að það geti farið undir aukið húsnæði tengt íþróttastarfi. Er þá verið að meina framlenging á íþróttasalnum sjálfum undir t.d fimleika, bardagaíþróttir, blak og íþróttaskólann svo dæmi séu tekin. Það háir fimleikadeildinni mikið að þurfa að færa til búnað þegar æfingar eru. Ef neðri hæðin væri nýtt sem fimleikasalur gæti deildin keypt tæki sem væru þar áföst og hentað þannig starfinu betur. Að auki gera fimleikataeki í dag ráð fyrir að þau séu ekki flutt fyrir og eftir hverja æfingu og salurinn svo einnig nýst í annað íþróttastarf. Þetta á einnig við um bardagaíþróttadeildina.
- Ef farið verður í viðbyggingu verður ekki örugglega samráð við Völsung um hvernig sé hægt að nýta þau rými sem skapast fyrir íþróttastarf sem fram fer í höllinni og þau rými hönnuð með íþróttastarf til hliðsjónar? Þá er átt við bæði æfinga aðstaða, aðstaða fyrir þjálfara, fundi og fyrir viðburði.
- Ef svarið við vangaveltunum að ofan er á þá leið að ekki sé hægt að nýta nýtt húsnæði sem íþróttaaðstöðu og aðstöðu fyrir deildir að þá er spurning hvort hafi verið kannaðir aðrir

möguleikar, s.s að byggja við skólann þannig að íþróttahöllin geti áfram þjónað íþróttastarfi og ekki sé búið að rýra möguleika til famtíðar um að byggja íþróttatengdt við höllina. Í þessu samhengi væri tilvalið að staldra við og móta stefnu í sveitarfélaginu sem snýr að íþrótt- og æskulýðsmálum. Í þeirri stefnu þyrfti að koma inn á viðhald, uppbyggingu og ný framkvæmdir í íþrótt- og æskulýðsmálum, íþróttastarfi og sveitarfélaginu til heilla.

Sé nánari upplýsinga óskað er hægt að hafa samband við eftirfarandi aðila:

Jónas Halldór Friðriksson - S. 866-8843

Virðingafyllst með von um jákvæð viðbrögð.

F.h. aðalstjórnar Völsungs

JÓNAS HALLDÓR

Framkvæmdastjóri Völsungs

